

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, miðvikudaginn 27. febrúar 2019, í máli nr. E-3643/2017:

Daniel Andrzej Dziamski

(Fríða Björk Teitsdóttir lögmaður)

gegn

Verði tryggingum hf. og

Kratusi ehf.

(Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður)

Þetta mál, sem var tekið til dóms 31. janúar 2019, höfðar Daniel Andrzej Dziamski, kt. [...], Sléttahrauni 17, Hafnarfirði, með stefnu birtri 7. nóvember 2017, á hendur Verði tryggingum hf., kt. [...], Borgartúni 25, Reykjavík og birtri 8. nóvember 2017 á hendur Kratusi ehf., kt. [...], Klafastaðavegi 4, Akranesi.

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda, Kratusar ehf., vegna varanlegra líkamsáverka sem stefnandi hlaut 18. janúar 2013 í starfi sínu hjá stefnda í álverinu á Grundartanga.

Stefnandi krefst málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda auk álags er nemi virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Stefndi, Vörður tryggingar hf., krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Málsatvik

Þetta mál varðar slys sem stefnandi lenti í við störf sín hjá álvinnslunni Kratusi ehf., á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga, kl. 22.30, föstudagskvöldið 18. janúar 2013. Stefnandi hafði verið starfsmaður Kratusar ehf. í rúman mánuð, frá 1. desember 2012. Kratus ehf., sem heitir nú Alur álvinnsla ehf., endurvann ál úr álgjalli. Félagið hafði keypt ábyrgðartryggingu vegna starfsemi sinnar hjá stefnda, Verði tryggingum ehf.

Fyrirsvarsmaður Kratusar bar fyrir dómi að hann hefði keypt til álvinnslunnar notaða vélasamstæðu frá Þýskalandi. Hún hefði verið í tveimur hlutum. Annars vegar var ofn og hins vegar var tæki til þess að koma álgjalli inn í ofninn, kallað fæðari. Ofninn var tunnulaga tromla, sem lá á hliðinni. Inn um op á annarri hlið ofnsins var álgjallið sett. Fæðarinn var sérstaklega hannaður fyrir það verk. Stærsti hluti hans var skúffa úr málm, á stærð við stóran, en stuttan, vörubíls

pall. Á þeim enda sem vísaði að ofninum var skúffan ekki lokuð heldur tók þar við opið, lárétt, trektlaga stykki, renna. Trektin var þannig löguð að hún mjókkaði nóg til þess að geta gengið inn í opið á annarri hlið álbræðsluofnsins. Fyrir ofan þessa rennu og upp af skúffunni, en festur með hjörum á efri brún hennar, var hleri sem unnt var að fella niður. Væri það gert féll hann fram og yfir trektina.

Álgjallinu var mokað upp í skúffu fæðarans með gröfu. Úr skúffunni fór það í gegnum rennuna inn í ofninn. Í botni skúffunnar var hristibúnaður. Til þess að gjallið mjakaðist þessa leið inn í ofninn hristist fæðarinn, þ.e.a.s. trektin og skúffan, stöðugt eftir að lokið hafði verið tekið af opinu á hlið ofnsins og rennuni á fæðar anum rennt inn í það.

Fyrirsvarsmaður Kratusar bar að nýr stjórnþúnaður hefði verið hannaður og smíðaður hér á landi og með þeirri iðntölvu hefði vélasamstæðunni verið stýrt.

Starfsmenn unnu á tveimur tólf tíma vöktum og voru einungis tveir á vakt í senn. Annar vann á gröfunni og fyllti fæðarann af álgjalli. Að því búnu var lokið tekið af opinu á ofninum, fæðaranum rennt upp að ofninum og rennuni komið fyrir í opinu. Titringurinn á fæðaranum átti að sjá til þess að álgjallið mjakaðist inn í ofninn. Hinn starfsmaðurinn stóð á stigapalli, sem var fastur við fæðarann, og fylgdist með að álgjallið bærist greiðlega eftir rennuni inn í ofninn.

Stefnandi bar að hann hefði staðið á þessum stigapalli við þann enda skúffunnar þar sem rennan tekur við. Hann hafði átt að tryggja að álgjallið bærist hnökra laust eftir rennuni inn í ofninn. Til þess verks hafði hann notað stjaka. Hann hafði með stjakanum verið að stýra stóru stykki af álgjalli sem hafði legið þversum í rennuni. Þá hafði hlerinn, sem áður var lýst og hann stóð til hliðar við, losnað þannig að hann féll fram og yfir rennuna. Við þetta hafði handfang á þeirri hlið hlerans sem vísaði að stefnanda rekist í hjálminn sem hann bar á höfði. Við höggið hafði hann misst jafnvægið á pallinum og dottið fram af honum og niður á steipt gólfið.

Af myndum að dæma er stiginn brattur og í honum eru fimm þrep og sjötta uppstigið er upp á stigapallinn. Því má ætla að fallið hafi verið nærri 1,5 metri. Eins og áður segir er önnur langhlið pallsins upp við og samsíða skúffu fæðarans. Handrið er við hina langhliðina. Fyrir aftan starfsmanninn er brattur stigi upp á annan stigapall. Fyrir ofan fremri stigann, og því fyrir framan starfsmanninn þegar hann er að stýra álgjallinu eftir trektinni, er hvorki handrið né sjálflokandi hlið. Þar er því ekkert sem kemur í veg fyrir að starfsmaður falli af pallinum, missi hann af einhverjum ástæðum jafnvægið.

Stefnandi taldi hlerann hafa losnað vegna þess að splitti, sem átti að halda honum á sínum stað, hafi losnað við stöðugan titring fæðarans á meðan álgjallið mjakaðist úr honum inn í ofninn.

Vitnið Grzegorz Jan Hamerski, svili stefnanda og samstarfsmaður, kvaðst hafa verið staddur hinum megin við fæðarann og ofninn, þeim megin sem álgjallinu er mokað ofan í fæðarann með gröfu. Grzegorz kvaðst ekki hafa séð nákvæmlega hvernig það gerðist að stefnandi féll niður af pallinum. Hann kvaðst hafa séð hlerann sveiflast fram og niður og séð að stefnandi stóð ekki lengur við trek tina/rennuna. Vitnið hafi þá hlaupið yfir á þann stað þar sem stefnandi vann og séð hann liggja í gólfinu og að hönd hans var brotin.

Vitnið kvaðst hafa hringt í 112. Hann hafi verið beðinn um að gefa upp stað setningu til þess að hægt væri að senda sjúkrabíl á staðinn. Vitnið kvaðst einnig hafa hringt í eiganda fyrirtækisins. Hann hefði sagt eigandanum að stefndi hefði dottið niður af stiganum og handleggsbrotnað.

Í stefnu er sagt þannig frá atvikum að fæðarinn hafi losnað frá ofninum og slegist í höfuð stefnda með þeim afleiðingum að stefnandi féll þrjá metra niður á steinsteypt gólf. Dómurinn telur þáverandi lögmann stefnanda hafa misskilið stefnanda að hluta til en telur þennan misskilning ekki hafa neina þýðingu fyrir málið. Ótvírætt var af framburði stefnanda fyrir dómi að hann átti við að hlerinn sem var festur á fæðarann hafi losnað og að handfang á hleranum hafi slegist í hjálminn sem hann bar á höfði.

Eftir því sem næst verður komist veit enginn hvað varð af þessari vélasam stæðu né hvenær var hætt að nota hana. Hvorki virðast til teikningar af henni né handbók framleiðanda, sem hefði átt að fylgja samstæðunni þegar hún var keypt hingað til lands, né uppfærð gögn sem Kratus hefði átt að gera um tækið í heild sinni þegar settur var nýr stjórnbúnaður á vélina, sbr. kröfur reglugerðar 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað, sbr. 4., 6., og 7. gr., svo og I., II. og VII. viðauka við reglugerðina. Stefnandi lagði hins vegar fram þrjár ljósmyndir sem gefa heildar mynd af vélastæðunni en splittið og sá frágangur sem hélt hleranum í lóðréttri stöðu ofan við rennunna á fæðaranum sést hins vegar ekki. Myndirnar virðast teknar af öðru tilefni en því atviki sem deilt er um í þessu máli.

Lögregla var kölluð á slysstað en kom ekki vegna anna. Stefnandi var fluttur með sjúkrabifreið á slysadeild á Akranesi. Hann fékk áverka á vinstri síðu og vinstri úlnliður brotnaði. Hann fór því í aðgerð hjá handarskurðlækni 24. janúar 2013 þar sem úlnliðsbrotið var dregið rétt og fest með fjórum pinnum.

Stefnandi tilkynnti atvinnurekanda sínum, stefnda Kratusi ehf., slysið sam dægurs, enda var líkamstjón hans þess eðlis að flytja þurfti hann frá vinnustaðnum á Sjúkrahúsið á Akranesi til aðhlynningar.

Fyrirsvarsmáður Kratusar sendi Vinnueftirlitinu skriflega tilkynningu um slysið næsta virka dag, mánudaginn 21. janúar 2013. Þar er tildrögum slyssins lýst

á þennan hátt:

skv. lýsingu samstarfsmanns:

stóð upp í annarri til þriðju tröppu og var að teygja sig í álstykki sem stóð fast í opinu á 1000 gráðu heitum ofninum dettur við þetta og lendir trúlega á höndinni.

Lögregla ritaði skýrslu um atvikið 19. febrúar 2013, mánuði eftir að það varð. Þar segir að tilkynning hafi borist þess efnis að maður hefði dottið niður úr stiga á Grundartanga og væri eitthvað slasaður og að sjúkrabifreið hefði komið strax á staðinn. Lögregla hafi verið upptekin og hafi ekki farið á vettvang. Í skýrslunni segir að lögregla hafi síðar rætt við þann sem tilkynnti slysið, Gregor. Hann hefði lýst slysinu þannig að stefnandi hefði verið við vinnu þegar hann hafi dottið niður úr stiga og brotið á sér vinstri handlegginn. Í skýrslunni segir jafnframt að lögregla hafi rætt við eiganda fyrirtækisins sem hafi sagt að Vinnueftirlitinu hefði verið gert viðvart um slysið.

Stefnandi tilkynnti stefnda, Verði tryggingum hf., sem váttryggjanda Kratusar ehf., slys sitt tveimur mánuðum eftir atvikið, 15. mars 2013. Rúmum mánuði síðar svaraði tryggingafélagið og óskaði eftir að lögmaðurinn útvegaði tilkynningu vinnuveitanda til Vinnueftirlitsins. Lögmaður stefnanda athugaði, 27. júní 2013, hvort starfsmaður Vinnueftirlitsins hefði rannsakað þetta vinnuslys. Því var svarað að engin rannsókn hefði farið fram vegna þess að slysið hefði ekki verið tilkynnt þegar það varð.

Stefnandi aflaði læknisvottorðs 31. ágúst 2013 um afleiðingar slyssins fyrir hann. Um miðjan september sama ár krafðist stefnandi greiðslu úr frjálsri ábyrgðar tryggingu Kratusar hjá Verði. Stefndi Vörður hafnaði kröfunni viku síðar með þeim rökum að stefnandi hefði ekki sýnt fram á neina sök vinnuveitanda síns. Um miðjan desember 2013 féllst Vörður á að greiða stefnanda bætur úr slysatryggingu launþega.

Þáverandi lögmaður stefnanda ritaði stefnda Verði bréf 7. janúar 2014, tæpu ári eftir slysið. Þar var gerð grein fyrir því að stefnandi hefði fengið aðstoð túlks til þess að segja frá atvikum slyssins. Í bréfinu er því lýst að fæðari, sem ýti álinu inn í ofninn, hafi losnað þegar splitti, sem eigi að halda honum, hafi færst úr stað. Fæðarinn hafi slegist í höfuð stefnanda og hann hafi, vegna þessa höggs, fallið ofan af stigapalli sem hann stóð á niður á gólf verksmiðjunnar. Ástæða þess að fæðarinn losnaði hafi verið að splitti, sem átti að halda honum föstum, hafi losnað vegna stöðugs titrings fæðarans.

Í lok bréfsins er tryggingafélagið, stefndi Vörður, hvatt til þess að afla gagna um öryggisstaðla, aðbúnað og fleira frá vinnuveitanda sem honum sem atvinnurekanda beri að tryggja í samræmi við 13. gr. laga nr. 46/1980 svo kanna megi hvort öryggisbúnaði ofnsins hafi verið áfátt þegar slysið átti sér stað. Ítrekað

var að vinnuveitandi bæri hallann af því væru tildrög slyss og aðstæður ekki upplýst nægjanlega enda yrði ekki séð hvernig tryggingafélagið gæti tekið afstöðu til slyssins nema það hefði verið rannsakað.

Rúmum fjórum mánuðum síðar svaraði tryggingafélagið með bréfi dags. 15. maí 2014. Það hafnaði kröfu stefnanda um bætur úr ábyrgðatryggingu stefnda, Kratusar ehf. Í bréfinu var vísað til þess að vinnuveitandinn hefði ekki brugðist tilkynn- ingarskyldu sinni þar eð hann hefði sent Vinnueftirlitinu tilkynningu næsta virka dag eftir slysið. Hann geti ekki borið ábyrgð á þeirri ákvörðun Vinnueftirlitsins að rannsaka ekki slysið. Auk þess bendi gögn málsins ekki til annars en að slysið verði rakið til aðgæsluleysis tjónþola enda mótmæli vinnuveitandinn því að vanbúnaður eða bilun hafi valdið slysinu. Í fyrstu tilkynningu tjónþola til félagsins 15. mars 2013 hafi ekki verið minnst á bilun í tækinu eða vanbúnað þess. Þar eð hvorki lögregla né Vinnueftirlit hafi komið á slysstað verði sönnunarbyrði ekki velt á vinnuveitandann með nýjum upplýsingum tæpu ári eftir slysið.

Ágreiningnum var skotið til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, sem komst að þeirri niðurstöðu, 12. ágúst 2014, að stefnandi ætti ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingunni hjá stefnda. Nefndin byggði á því að engin gögn skytu stoðum undir fullyrðingu stefnanda um orsök slyssins. Í því ljósi, og vegna þess hversu seint stefnandi gerði grein fyrir orsökum slyssins, yrði sönnunarbyrði um orsök þess ekki velt yfir á vinnuveitandann. Því væri ekkert sem sýndi fram á að slysið yrði rakið til vanbúnaðar í tækjum eða annarra atvika sem vinnuveitandi gæti borið ábyrgð á.

Stefnandi hlaut varanlegt líkamstjón af slysinu. Í matsgerð Ragnars Jóns sonar læknis, dags. 18. desember 2014, er læknisfræðileg örorka hans metin 15%. Uppgjör úr slysatryggingu launþega fór fram í byrjun árs 2015. Stefnandi hefur þurft á talsverðri sjúkrahjálfun og eftirliti að halda vegna meiðsla sinna.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu, Kratusar ehf. og Varðar trygginga hf., sem váttryggjanda Kratusar ehf., vegna lík amstjóns hans. Þá kröfu byggir hann á sakarreglunni, ólögfestri meginreglu skaðabótaréttar.

Eins og áður segir virðist þáverandi lögmaður stefnanda hafa misskilið að hluta til hvaða stykki það var sem losnaði og féll á stefnanda. Þessi misskilningur haggar þó ekki málsástæðum hans. Það þykir nægja að áréttta þá frásögn stefnanda fyrir dómi að það hafi verið handfang á hlera á fæðaranum sem hafi slegist í hjálml hans þegar hlerinn losnaði en ekki fæðarinn sjálfur. Lesa má málsástæður og

lagarök stefnanda með þeirri útskýringu en textinn sem hér fer á eftir verður ekki leiðréttur til samræmis við frásögn stefnanda af atvikum fyrir dómi.

Tildrög slyssins ekki nægjanlega rannsökuð

Að sögn stefnanda var það óklofið splitti í fæðara ofnsins sem olli því að fæðarinn losnaði og slóst í höfuð hans með þeim afleiðingum að hann féll niður stiga. Samstarfsmaður stefnanda, Grzegorz Jan Hamerski, hafi orðið vitni að þessu. Stefnandi hafi talið öruggt, þar eð sjúkrabifreið var kölluð á vettvang, að Vinnueftirlitið eða vinnuveitandi hans myndu rannsaka eða láta rannsaka slysið en það hafi ekki verið gert. Stefnandi sé ólöglærður og tali einungis pólsku og hafi ekki, þegar hann leitaði réttar síns í upphafi, getað vitað að vanbúnaður tækja á slysstað hefði úrslitaáhrif um greiðslu úr tryggingu vinnuveitanda. Hann hafi lýst slysinu með aðstoð manns sem sé ekki túlkur. Af þeim sökum hafi ekki verið tekið fram, þegar tryggingafélaginu Verði var tilkynnt um slysið, hver hefði verið ástæða þess að hann féll úr stiganum. Hann hafi ekki gert sér ekki grein fyrir því að það skipti máli að láta vita að fæðari hefði slegist í höfuðið á honum og hafi því ekki nefnt orsök þess að hann féll. Tungumálaörðugleikar hafi jafnframt gert honum erfitt að lýsa til drögum slyssins á slysadeild en hann hafi sagt það sem skipti máli, að hann féll úr stiga. Hefði Vinnueftirlitið rannsakað slysið á fullnægjandi hátt telur stefnandi að það hefði leitt í ljós að óklofið splitti í fæðara hafi valdið því að fæðarinn slóst til. Stefndi verði að bera hallann af því að það hafi ekki verið rannsakað nægjanlega.

Aðstæður á slysstað

Til stuðnings kröfu sinni vísar stefnandi til þess að aðstæður á vinnustað hans, á vegum Kratusar ehf., hafi verið óforsvaranlegar þar eð frágangur búnaðarins sem stefnandi þurfti að nota, þ.e. ofninn, hafi verið með öllu ófullnægjandi. Á ofninum sé svokallaður fæðari sem hafi það hlutverk að ýta áli inn í ofninn þar sem það bráðni. Fæðarinn sé festur með splitti. Stefnandi hafi hlotið líkamstjón þegar umrætt splitti hafi losnað og fæðarinn slegist í höfuð hans og högg sem stefnandi fékk við það hafi valdið því að hann féll niður þrjá metra á steinsteypt gólf. Slíkt eigi ekki að geta gerst þegar splitti sé klofið en það splitti sem hélt hleranum hafi ekki verið klofið. Af þessu sé ljóst að orsakatengsl séu á milli vanbúnaðarins og tjóns stefnanda.

Einnig beri að hafa í huga eðli vinnunnar en gera eigi ríkari kröfur til vinnuveitanda, á jafn hættulegum vinnustöðum og þessum, til þess að hann tryggi fyllsta öryggi starfsmanna sinna. Því þyki stefndu, Vörður tryggingar hf. og Kratus ehf., bera skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna vanbúnaðarins.

Fyrir liggi að skrifleg tilkynning um slysið hafi ekki borist Vinnueftirlitinu fyrir en mánudaginn 21. janúar 2013. Jafnframt liggi fyrir að hvorki Vinnueftirlitið né vinnuveitandi stefnanda hafi hlutast til um rannsókn á tildrögum slyssins. Samkvæmt svari Vinnueftirlitsins hafi það ekki rannsakað slysið vegna þess að það var ekki tilkynnt þegar það varð. Enn fremur liggi fyrir að lögreglan hafi ekki rann sakað vettvang slyssins vegna anna sem ollu því að starfsmenn hennar komu ekki á staðinn.

Slysið sé ótvírætt tilkynningarskylt skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Kratusi ehf. hafi því borið að tilkynna Vinnueftirlitinu slysið innan sólahrings frá því að það varð. Sú vanræksla stefnda, Kratusar ehf., að tilkynna slysið ekki á réttan hátt, og að hafa ekki hlutast til um rannsókn á vettvangi, hafi valdið því að tildrög slyssins séu óupplýst og aðeins uppi tilgátur aðilanna sjálfra um orsakir slyssins. Það sé ekki sanngjarnt að vanræksla stefnda Kratusar ehf. bitni á stefnanda. Stefnandi telji, í ljósi þessa, að líta beri til dómaframkvæmdar Hæstaréttar í sams konar málum, sem sýni að þegar tilkynningarskylda hafi verið vanrækt hafi það þau áhrif að vinnuveitandi beri hall ann af skorti á sönnun og frásögn tjónþola er lögð til grundvallar í málinu, sbr. H 363/2008 og H 272/2008.

Dómkröfur stefnanda byggist á því að slys hans 18. janúar 2013 sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu sem Kratus hafði í gildi á slysdegi. Krafa stefnanda byggist á heimild 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála til að höfða viður kenningarmál. Vísað er til matsgerðar um afleiðingar slyssins sem sýna fram á var anlegt líkamstjón stefnanda og hagsmuni hans af þessari málsókn.

Til stuðnings bótaábyrgð stefndu vísar stefnandi til meginreglna íslensks skaðabótaréttar svo og almennu sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Hann vísar einnig til ákvæða skaðabótalaga nr. 50/1993, með síðari breytingum, og til laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Jafnframt vísar hann til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem og þeirra reglna og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli laganna. Aðild stefnda er byggð á III. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. einkum ákvæði 16. og 17. gr. Aðild stefnda Varðar er byggð á 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, hann sé greiðsluskyldur vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar sem stefndi Kratus ehf. var með í gildi hjá stefnda á slysdegi. Varnarþing byggist á V. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Varðandi málskostnað vísar stefnandi til ákvæða 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991, um með ferð einkamála. Um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi Vörður tryggingar hf. áréttar að stefnandi byggi kröfu sína um viðurkenningu skaðabótaskyldu Kratusar á tjóni hans á sakargrundvelli. Þar eð stefnandi hafi ekki fært nein rök fyrir sök Kratusar ehf. beri að sýkna. Að mati stefnda er orsök slyss stefnanda óhapp sem verði ekki rakið til mistaka vinnuveitanda eða vanbúnaðar á vinnustað. Því er mótmælt sem röngu og ósönnuðu að vanbúnaður hafi valdið slysi stefnanda.

Málatilbúnaður stefnanda um meintan vanbúnað sem orsök slyssins fái enga stoð í samtímagögnum sem séu til um slysið, hvorki skýrslu lögreglu né tilkynningu til Vinnueftirlitsins. Lýsing stefnanda á hinum meinta vanbúnaði sem orsök slyssins komi fyrst fram ári eftir slysið í bréfi lögmanns hans dags. 7. janúar 2014. Þá fyrst komi fram sú lýsing að splitti hafi losnað. Það hafi valdið því að fæðari við brennsluofn hafi losnað og slegist í höfuð stefnanda með þeim afleiðingum að hann féll úr stiganum og handleggsbrotnaði. Stefnandi skýri tómlæti sitt við að lýsa nákvæmum tildrögum slyssins með þeim rökum að hann komi frá Póllandi og tungumálaörðugleikar hafi gert honum erfitt fyrir að lýsa tildrögum þess. Þar að auki hafi hann ekki áttað sig á réttarstöðu launamanna vegna mögulegs vanbúnaðar á slyssað. Stefnu telja þessa skýringu stefnanda ekki hafa áhrif á sönnunarstöðuna og að sönnunarbyrðin um vanbúnað og orsakatengsl hvíli á stefnanda, sem endranær. Ólíkt þeim dómum sem stefnandi vísi til sé ástæða þess að meintur vanbúnaður var ekki rannsakaður frekar í þessu tilviki eingöngu tómlæti stefnanda. Vátryggingataki hafi uppfyllt tilkynningarskyldu sína með tilkynningu til Vinnueftirlitsins. Hann geti ekki borið ábyrgð á því að eftirlitið taldi ekki ástæðu til þess að koma á vettvang í kjölfar slyssins.

Stefndi bendir jafnframt á að umræddur búnaður sé mikill og þungur og hefði hann losnað og/eða slegist í stefnanda á þann hátt sem stefnandi lýsi ættu áverkar hans eða ástand hans í kjölfar slyssins að gefa það til kynna. Svo sé hins vegar ekki að sjá af gögnum málsins. Í fyrsta áverkavottorði Þóris Bergmundssonar læknis, hafi stefnandi verið með fullri meðvitund við komu á slyssadeild og hvergi minnst á neina höfuðáverka eða höfuðverki. Hefði stefnandi fengið á sig svo þungan og stóran búnað eins og þann sem er við álbrennsluofninn, hefði ástand hans strax eftir slysið gefið það til kynna. Að minnsta kosti hefði höfuðhöggið átt að leiða til skertrar meðvitundar eða alvarlegri afleiðinga en úlnliðsbrots. Atvikalýsing stefnanda fái því ekki stoð í þessum vottorðum eftir slysið, hvorki í áverkunum sjálfum né neinum lýsingum stefnanda sjálfs í því hvað gerðist. Þá komi þessi lýsing stefnanda eingöngu og fyrst fram í bréfi lögmanns hans ári eftir slysið. Stefnandi byggi þannig á því að stefnandi hafi ekki sannað að slysið sé rakið til atvika

sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á, enda styðjist atvikalýsingin sem stefnandi vilji leggja til grundvallar hvorki við atvik né gögn málsins.

Stefndi Vörður áréttar að á stefnanda hvíli sönnunarbyrði fyrir orsök tjóns síns. Ekki séu nein skilyrði til þess að snúa sönnunarbyrðinni við í þessu tilviki. Að mati stefnda benda gögn málsins til þess að slysið sé óhapp eða það verði rakið til eigin gáleysis stefnanda. Í fyrsta samtímagagni um slysið, tilkynningu vinnuveitanda til Vinnueftirlitsins, sé tildrögum slyssins lýst á þennan hátt:

skv. lýsingu samstarfsmanns:

stóð upp í annarri til þriðju tröppu og var að teygja sig í álstykki sem stóð fast í opinu á 1000 gráðu heitum ofninum dettur við þetta og lendir trúlega á höndinni.

Eins og mynd, sem stefnandi leggi fram, sýni sé veglegt og hátt handrið í kringum stigann, sem stefnandi stóð í. Þá liggi ekkert fyrir um það af hverju stefnandi hafi við þessar aðstæður kosið að beita því verklagi sem sé lýst í tilkynningu vinnuveitanda hans til Vinnueftirlitsins. Stefndi áréttar að stefnandi byggi ekki á því að verkstjórn hafi á einhvern hátt verið ábótavant. Sú ákvörðun hans að haga verkinu á þennan hátt sé ekki á ábyrgð neins annars en hans sjálfs.

Stefndi mótmælir því að aðstæður á vinnustaðnum eða frágangur búnaðar hafi ekki verið forsvaranlegar. Þvert á móti hafi stefndi hagað vinnuaðstæðum eins og best var á kosið. Að mati stefnda er orsök slyss stefnanda óhapp sem sé ekki á ábyrgð stefnda.

Stefndi mótmælir því að tilkynning á slysinu hafi ekki verið í samræmi við ákvæði laga nr. 46/1980. Stefndi vísi til 79. gr. laganna og þess að tilkynningar skylda hafi verið vanrækt. Samkvæmt ákvæðinu sé atvinnurekanda skylt að til kynna Vinnueftirlitinu án ástæðulausrar tafar öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags, sem slysið varð. Slyss þar sem líkur séu á því að starfsmaður hafi hlotið langvinnt eða varanlegt heilsutjón skuli tilkynna eigi síðar en innan sólarhrings. Almennt sé frestur til tilkynningar ein vika, sbr. 2. mgr. 79. gr. laganna. Stefndi bendir í þessu sambandi á að slysið hafi orðið kl. 22.30 á föstudagskvöldi 18. janúar 2013. Stefndi hafi tilkynnt það strax næsta mánudag 21. janúar 2013. Slysið hafi því verið tilkynnt fyrsta virka vinnudag eftir að það varð og sama dag og ljóst var að stefnandi yrði frá vinnu vegna þess. Lögreglunni hafi hins vegar verið tilkynnt um slysið strax í kjölfar þess. Því sé ljóst að stefndi hafi ekki dregið að tilkynna slysið. Með vísan til ofangreinds mótmæli stefndi því sem röngu að hann hafi vanrækt lögboðna tilkynningarskyldu. Í tilviki stefnanda hefði engu breytt hvort Vinnueftirlitinu hefði borist tilkynningin á föstu dagskvöldi eða strax næsta mánudag. Stefndi hafi sjálfur ekki gert grein fyrir til drögum slyssins fyrr en ári eftir slysið. Það að hvorki Vinnueftirlit né lögregla hafi talið ástæðu til þess að rannsaka slysið betur tengist beint frásögn stefnanda sjálfs

af slysinu þegar eftir það. Hefði hann lýst því strax að vanbúnaður væri orsök slyssins hefðu fullyrðingar hans um vanbúnað líklegast verið rannsakaðar. Stefnandi hafi hins vegar kosið að segja ekki frá orsökum slyssins fyrr en ári síðar. Það geti ekki verið á ábyrgð stefnda. Um hinn meinta vanbúnað liggja ekkert fyrir og því beri að hafna honum sem röngum og ósönnuðum. Þar sem málsókn stefnanda eigi ekki við nein rök að styðjast sé sýkna stefnda einboðin.

Stefndi vísar til áðurgreindra lagaraka er varði sýknukröfu sem og ákvæða laga nr. 50/1993 og nr. 46/1980. Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 en jafnframt er krafist álags á málskostnað er nemi virðisaukaskatti. Stefnandi reki ekki virðisaukaskattskylda starfsemi og honum sé því nauðsynlegt að fá dæmt álag úr hendi stefnanda er nemi þeim skatti.

Niðurstaða

Það er óumdeilt að stefnandi slasaðist við vinnu sína hjá stefnda Kratusi að kvöldi föstudagsins 18. janúar 2013 svo og að hann féll þá úr stiga eða af stigapalli vélar sem hann vann við.

Það er hins vegar umdeilt hver var ástæða þess að hann féll. Tvær ástæður hafa verið gefnar. Annars vegar lýsti vinnuveitandi stefnanda því í tilkynningu til Vinnueftirlitsins 21. janúar 2013 að stefnandi hefði verið að teygja sig eftir álgjallsbita sem stóð fastur í opi á 1000°C heitum ofni sem hann vann við. Stefnandi hefði af þeim sökum dottið úr stiga sem hann stóð í. Stefnandi lítur því svo á að slysið sé óhapp eða verði rakið til gáleysis stefnanda sjálfs.

Eins og áður segir talar stefnandi hvorki íslensku né ensku. Fyrsta skráða lýsing á atvikinu er í sjúkraskrá hans hjá sjúkrahúsinu á Akranesi. Þar segir að stefnandi hafi unnið hjá fyrirtækinu Kratusi. Um kl. 22.00 á slysdegi hafi hann fallið þar úr stiga um 1,5 metra og niður á steinsteypt gólf. Ekki liggur ótvírætt fyrir hver gaf þá lýsingu en Grzegorz, samstarfsmaður stefnanda sem talar ensku, hringdi í 112 auk þess sem sjúkraflutingamenn komu á staðinn og sáu aðstæður.

Stefnandi sjálfur greindi þannig frá, tæpu ári eftir atvikið, að búnaður á vél inni sem hann vann við hefði losnað og slegist í hann og hann hafi af þeim sökum fallið af pallinum þar sem hann stóð og vann verk sitt. Þessi búnaður hafi slegist í hann vegna þess að splitti sem átti að halda búnaðinum hafi losnað við titring vélar innar en splittið hafi ekki verið klofið. Hefði það verið klofið hefði það ekki losnað þrátt fyrir titring vélarinnar.

Þar eð stefnandi telur þetta orsök slyssins byggir hann á því að vélin sem hann vann við hafi verið vanbúin og vinnuáðstæður hans af þeim sökum ekki

hættulausar. Slyss hans verði því rakið til sakar vinnuveitanda hans. Orsök slyssins hafi ekki verið rannsökuð en á því beri vinnuveitandinn ábyrgð. Stefnandi Verði tryggjum beri því að bæta stefnanda tjón hans þar eð félagið hafi selt vinnuveitanda stefnanda ábyrgðartryggingu.

Þá lýsingu á orsökum slyssins sem stefndi gengur út frá að sé rétt ritaði eigandi Kratusar ehf. í tilkynningu sína til Vinnueftirlitins. Hún er svofelld:

skv. lýsingu samstarfsmanns:
stóð upp í annarri til þriðju tröppu og var að teygja sig í álstykki sem stóð fast í opinu á 1000 gráðu heitum ofninum dettur við þetta og lendir trúlega á höndinni.

Fyrir dómi mundi vinnuveitandinn ekki hver það var sem greindi honum frá því að stefnandi hefði staðið í stiganum og borið sig svona að áður en hann féll á gólfið. Vitnið Grzegorz þvertók fyrir að þetta væri haft eftir honum enda hefði hann ekki séð stefnanda detta. Hann hefði verið hinum megin við vélina og séð hlerann á fæðaranum falla fram og síðan tekið eftir því að hann sá ekki lengur í stefnanda.

Stefnandi bar að hann hefði ekki teygst sig yfir rennuna heldur hefði hann verið að reyna að stýra álgjallsbitanum með stjaka sem hann hafi haft til þess að vinna verk sitt með. Stefnandi bar jafnframt að ekki nokkur maður hefði haft samband við hann og beðið hann að greina frá því hvernig slysið vildi nákvæmlega til, hvorki lögregla, starfsmaður Vinnueftirlits né starfsmaður vinnuveitanda.

Vitnið Grzegorz bar að hann hefði hringt í vinnuveitandann og sagt honum að stefnandi hefði dottið og handleggsbrotnað. Hann bar einnig að skömmu eftir að atvikið varð hafi starfsmaður Elkem komið á vettvang og spurt hann hvað hefði gerst. Við vaktaskiptin, kl. 06.00 um morguninn, hafi Steindór verkstjóri komið á dagvakt og spurt vitnið að því sama. Grzegorz bar jafnframt að lögreglan hefði aldrei haft samband við hann. Sú fullyrðing í lögregluskýrslunni væri því ekki rétt.

Dómurinn telur því alls ekki upplýst eftir hverjum lýsingin í tilkynningu til Vinnueftirlitsins er höfð og þar á meðal hvort hún er höfð eftir einhverjum sem ræddi við stefnanda eða vitnið Grzegorz. Hún er í það minnsta ekki höfð eftir sjónarvotti.

Til viðbótar því að tækið sem stefnandi vann við hafi verið vanbúið og hættulegt byggir stefnandi sök stefndu á því að vinnuveitandinn hafi vanrækt til kynningarskyldu sína og hann hafi látið hjá líða að tryggja að slysið yrði rannsakað, annað hvort sjálfur eða með því að knýja Vinnueftirlitið til þess að koma á vettvang.

Þótt vinnuveitandi stefnanda hafi látið við það sitja að tilkynna slysið næsta virkan dag eftir að það varð verður ekki séð að það eitt og sér sé saknæmt eins og

aðstæðum á slysstað var háttað. Búnaðurinn sem stefnandi vann við er úr steypu járn sem er ýmist logsoðið saman eða skrúfað saman með öflugum boltum og skrúfum. Þótt ofninn velti eins og tunna er hann þó ætíð á sama stað og fæðarinn færast að og frá ofninum eftir brautum. Vinnuaðstæður virðast því ekki hafa verið hvikular að öðru leyti en því að hægt var að hreyfa hlerann á fæðaranum úr lóðréttri stöðu í lárétta með því að losa splitti sem hélt honum. Ekkert liggur fyrir um að ekki hefði verið unnt að rannsaka atvik slyssins á fullnægjandi hátt þann dag sem tilkynningin barst eða jafnvel síðar.

Það er lögboðin skylda Vinnueftirlitsins að rannsaka orsakir slysa, sbr. 81. gr. laga nr. 46/1980. Tilgangur rannsóknar eftirlitsins er að tryggja að sambærileg slys endurtaki sig ekki á vinnustöðum yfirleitt. Samkvæmt mörgum ákvæðum laga og reglugerða um öryggi á vinnustöðum hvílir jafnframt rannsóknarskylda á vinnu veitandanum. Sinni hann henni ekki getur hann ekki uppfyllt þá skyldu að endurskoða áhættumat og áætlun sína um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum í því skyni að koma í veg fyrir að sambærilegt atvik endurtaki sig á vinnustaðnum hans. Hér má benda á 65., 65.gr. a, og 66. gr. laga nr. 46/1980, en jafnframt 37. gr., svo og 30. gr. reglugerðar nr. 920/2006, um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, ásamt 4., 5., 6., 7., 8. og 10. gr. reglugerðar 367/2006 um notkun tækja.

Í dómaframkvæmd hefur verið byggt á þessari rannsóknarskyldu vinnuveit anda. Litið hefur verið svo á að hann losni ekki undan ábyrgð á afleiðingum slyss við það eitt að hafa tilkynnt Vinnueftirlitinu slys, sérstaklega ekki séu orsakir þess ekki að fullu upplýstar. Hann verði þrátt fyrir tilkynninguna að tryggja að fullnægjandi rannsókn fari fram á orsökum slyssins og jafnframt ganga eftir því að Vinnueftirlitið sinni rannsóknarskyldu sinni.

Vinnuveitandi stefnanda kvaðst hafa fengið lýsingu einhvers samstarfsmanns stefnanda, sem vann þó ekki á þeirri vakt sem slysið varð, á því hvað var talið hafa gerst. Þótt svo væri gat vinnuveitandinn ekki litið svo á að atvikið væri að fullu upplýst því enginn sá hvað gerðist. Stefnandi og Grzegorz voru tveir á vakt. Grzegorz sá einungis það sem var sýnilegt frá þeim stað þar sem hann stóð, það er að hlerinn sveiflaðist fram og stefnandi hvarf á sama tíma sjónum hans. Hann kom síðan að stefnanda handleggsbrotnum liggjandi á gólfinu neðan við stigann. Þótt hann sé sá eini sem var á staðnum rataði þessi lýsing hans ekki í til kynningu vinnuveitandans til Vinnueftirlitsins. Vinnuveitandinn ræddi heldur aldrei við stefnanda um orsakir slyssins eða hafði samband við hann yfirhöfuð.

Þar eð vinnuveitandinn gat ekki gengið út frá því að orsök slyssins væri að fullu upplýst var augljóst að rannsaka þyrfti tildrög þess. Hann gat því ekki látið hjá líða að þrýsta á að Vinnueftirlitið sinnti hinni lögboðnu skyldu sinni. Eins og áður

segir var honum sjálfum jafnframt ótvírætt skylt að rannsaka tildrög slyssins þegar í upphafi þótt honum tækist ekki að fá eftirlitið á staðinn.

Stefndi Vörður hf. ber því við að tómlæti stefnanda sé um það að kenna að slysið var ekki rannsakað. Eins og rakið hefur verið telur dómurinn þá skyldu hafa hvílt á vinnuveitandanum þegar í upphafi að tryggja að slysið yrði rannsakað.

Þótt farist hefði fyrir hjá vinnuveitandanum að ganga eftir því að Vinnu eftirlitið kæmi og rannsakaði slysið í upphafi, svo og að hann hafi látið hjá líða að rannsaka það sjálfur, fékk hann tækifæri til úrbóta.

Þáverandi lögmaður stefnanda ritaði stefnda Verði bréf 7. janúar 2014, tæpu ári eftir slysið. Þar kemur fram að stefnandi hafi fengið aðstoð túlks til þess að gera grein fyrir atvikum slyssins. Samkvæmt frásögn hans hafi fæðari, sem ýti álinu inn í ofninn, slegist í höfuð stefnanda og hann hafi vegna þessa höggs fallið ofan af stigapalli sem hann stóð á og niður á gólf verksmiðjunnar. Ástæða þess að fæðarinn hafi losnað hafi verið sú að splitti, sem hafi átt að halda honum á sínum stað, hafi losnað. Það hafi gerst vegna þess að splittið var ekki klofið og af þeim sökum hafi það hreyfst við titring vélarinnar.

Í þessari frásögn er endurtekinn sá grunnatburður, sem kemur fram í öllum samtímagögnum, svo sem lögregluskýrslu, áverkavottorði og læknisvottorði, að stefnandi hafi fallið úr stiga/ofan af stigapalli við vinnu sína hjá Kratusi. Hins vegar er orsök þess að hann féll tilgreind önnur en sú sem vinnuveitandinn tilkynnti Vinnueftirlitinu.

Í lok bréfsins er tryggingafélagið, stefndi Vörður, hvatt til þess að afla gagna um öryggisstaðla, aðbúnað og fleira frá vinnuveitandanum sem honum, sem atvinnurekanda, beri að tryggja í samræmi við 13. gr. laga nr. 46/1980 svo kanna megi hvort öryggisbúnaði ofnsins hafi verið áfátt þegar slysið átti sér stað. Ítrekað er að vinnuveitandi beri hallann af því séu tildrög slyss og aðstæður ekki upplýst nægjanlega enda verði ekki séð hvernig tryggingafélagið geti tekið afstöðu til slyssins nema það hafi verið rannsakað.

Ekki var liðið ár þegar stefnandi fékk, með aðstoð túlks, tækifæri til þess að gera betur grein fyrir því hvernig það vildi til að hann féll niður af stigapallinum á fæðaranum að kvöldi föstudagsins 18. janúar 2013. Eins og áður segir talar stefnandi hvorki íslensku né ensku. Þegar litið er til þess hversu erfitt er fyrir fólk í þeirri stöðu, hvort tveggja að afla sér upplýsinga um réttindi sín og koma frásögn sinni á framfæri við þá sem gætu liðsinnt þeim að leita réttar síns, telur dómurinn að það verði ekki talið honum til tómlætis að hann skýrði ekki ítarlegar frá atvikinu fyrr en tæpu ári eftir slysið.

Í bréfinu sem lögmaður stefnanda sendi stefnda Verði tryggingum 7. janúar 2014 er tryggingafélagið hvatt til þess að afla upplýsinga frá atvinnurekandanum eins og áður er rakið. Meðal gagna málsins er ekkert sem bendir til þess að tryggingafélagið hafi orðið við þessari áskorun.

Rúmum fjórum mánuðum síðar svaraði tryggingafélagið með bréfi dags. 15. maí 2014. Í bréfinu var í fyrsta lagi vísað til þess að vinnuveitandinn hefði ekki brugðist tilkynningarskyldu sinni þar eð hann hefði sent Vinnueftirlitinu til kynningu næsta virka dag eftir slysið. Í öðru lagi bendi gögn málsins ekki til annars en að slysið verði rakið til aðgæsluleysis tjónþola enda mótmæli vinnuveitandinn því að vanbúnaður eða bilun hafi valdið slysinu. Þar eð hvorki lögregla né Vinnueftirlit hafi komið á slysstað verði sönnunarbyrði ekki velt á vinnuveitandann með nýjum upplýsingum tæpu ári eftir slysið.

Í bréfi tryggingafélagsins kemur ekki fram að vélin sé ekki lengur í fyrirtækinu eða að henni hefði verið fargað. Þar segir ekki heldur að teikningar af henni eða handbækur sem ættu að hafa fylgt henni frá seljanda né tækniskjöl, sem Kratus hefði átt að vinna þegar fyrirtækið setti vélina upp og breytti með nýjum stjórnbúnaði eins og eigandi Kratusar greindi frá við vitnaleiðslur, hafi ekki fundist eða nokkuð annað tilgreint sem gæti réttlætt að ekki væri hægt að rannsaka hvort frásögn stefnanda kynni að eiga við rök að styðjast. Samkvæmt viðauka VII við reglugerð nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað, ber að varðveita slík skjöl í a.m.k. 10 ár eftir framleiðsludag vélar. Hann teldist í þessu tilviki vera frá og með uppsetningu og breytingum vélarinnar á starfsvæði Kratusar.-

Ekkert liggur því fyrir um það að þá hafi verið um seinan að athuga vettvang slyssins, meðal annars hvort búnaður, sem var við vinnusvæði stefnanda á pallinum, væri festur með splitti og hvort þannig væri gengið frá splittinu að það gæti losnað við titring fæðarans.

Eins og komið er fram byggði tilkynning vinnuveitandans til Vinnueftirlitsins hvorki á frásögn stefnanda né Grzegorz. Eftir því sem næst verður komist byggði hún á því sem einhver starfsmaður fyrirtækisins, sem þó var ekki á staðnum þegar atvikið varð, taldi að hefði gerst.

Þegar fyrir lá að frásögn stefnanda samræmdist ekki þeirri lýsingu sem vinnuveitandinn hafði gefið Vinnueftirlitinu hlaut að vera augljóst að það hefði þýðingu í málinu hvor orsökinn reyndist rétt og því væri nauðsynlegt að rannsaka tækið og ræða við stefnanda, með liðsinni góðs túlks, og hugsanlega við aðra starfsmenn fyrirtækisins.

Ekkert í gögnum málsins bendir til annars en að tækið sem stefnandi vann við hafi verið óbreytt á þeim tíma þegar skorað var á stefnda að afla gagna frá

vinnuveitandanum um búnaðinn, frágang á honum og hvort þar hafi verið gætt fyllsta öryggis starfsmanna. Þegar litið er til þessa, auk fyrirmæla laga og reglugerða um rannsókn atvinnurekanda á vinnuslysum í því skyni að fyrirbyggja frekari slys, og kröfur um varðveislu gagna, telur dómurinn að stefndi Vörður geti ekki byggt á því að sú töf sem varð á því að stefnandi greindi frá atvikum slyssins kæmi í veg fyrir að vettvangur og orsakir slyssins yrðu rannsakaðar, þótt tæpt ár væri liðið frá atvikinu.

Það er því niðurstaða dómsins að vinnuveitandi stefnanda hafi vanrækt að rannsaka og láta rannsaka slysið þegar það varð. Hann átti kost á að bæta þar úr en nýtti sér það ekki. Eins og áður segir hefur ekkert verið lagt fram um það að neinu hafi verið breytt á vinnustaðnum sem kom í veg fyrir rannsókn á vélinni þótt tæpt ár væri liðið frá slysinu.

Míða verður við að slík rannsókn, einkum í upphafi en einnig síðar, hefði getað eytt þeirri óvissu sem er um það hvort slysið verði rakið til ágalla eða vanbún aðar á fæðaranum sem stefnandi vann við eða hvort eittvað annað var orsök slyssins. Þar eð óvissa er um orsök vinnuslyssins, sem leggja verður til grundvallar að ráðist af því að vinnuveitandinn hlutaðist ekki til um að orsakir þess væru rannsakaðar, verður að snúa sönnunarbyrði um orsökina við og fella skaðabóta ábyrgð á tjóni stefnanda á vinnuveitanda hans Kratus ehf.

-

Annar meðdómsmanna, Kolbrún Sævarsdóttir, er ekki sammála þessari niðurstöðu. Hún telur fyrirsvarsmann stefnda Kratusar ehf. hafa fullnægt tilkynningarskyldu sinni skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Í ljósi upphaflegrar frásagnar stefnanda telur hún jafnframt að vinnuveitandinn hafi ekki haft neitt tilefni til þess að hlutast til um rannsókn á atvikum né heldur knýja Vinnueftirlitið til þess að koma á staðinn og rannsaka aðstæður og tæki. Að hennar mati bar stefnanda, sem naut liðsinnis lögmanns frá upphafi, að greina mun fyrr frá þeim atvikum sem hann taldi hafa valdið því að hann féll ofan af stigapallinum. Þar eð hann hafi dregið það í næstum ár verði sönnunarbyrðinni ekki snúið við og varpað á vinnuveitandann. Af þeim sökum beri að sýkna tryggingafélag vinnuveitandans, stefnda Vörð tryggingar hf.

Stefnandi stefnir bæði Kratusi ehf. og tryggingafélagi hans, Verði tryggingum. Dómkrafan er þó einungis orðuð þannig að viðurkennd sé skaðabótaskylda stefnda Kratusar ehf. vegna varanlegra líkamsáverka sem stefnandi hlaut þegar hann slasaðist við vinnu sína hjá stefnda á Grundartanga. Dómurinn telur að skilja verði dómkröfuna þannig að þess sé jafnframt krafist að

viðurkennd verði skylda stefnda Varðar trygginga hf., sem tryggingafélags stefnda Kratusar, til þess að greiða stefnanda bætur úr frjálstri ábyrgðartryggingu Kratusar hjá Verði. Ekki verður annað séð en stefndi Vörður hafi lesið dómkröfuna þannig því í greinargerð til varnar er þess einungis krafist að stefndi Vörður tryggingar hf. verði sýknað af öllum kröfum stefnanda.

Meirihluti dómenda hefur fallist á að Kratus ehf. beri fulla ábyrgð á því tjóni sem stefnandi hlaut þegar hann féll niður af stigapalli sem hann stóð á við vinnu sína á vél fyrirtækisins 18. janúar 2013. Stefndi Vörður tryggingar, sem seldi vinnuveitandanum ábyrgðartryggingu, hefur með því tekið á sig að greiða bætur vegna þeirrar ábyrgðar sem fellur á vinnuveitandann.

Dómurinn hefur því fallist á málsástæður stefnanda og kröfur hans. Af þeim sökum verður, með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, að dæma stefnda til þess að greiða honum málskostnað. Þegar litið er til umfangs málsins þykir mál flutningsþóknun, að teknu tilliti til virðisaukaskatts og kostnaðar við túlkun fyrir stefnanda við aðalmeðferð, hæfilega ákveðin 1.500.000 krónur.

Ingiríður Lúðvíksdóttir og Kolbrún Sævarsdóttir héraðsdómarar og Árni Jósteinsson vinnuverndarsérfræðingur kveða upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð:

Viðurkennd er bótaábyrgð stefnda, Varðar trygginga hf., á afleiðingum vinnuslyss sem stefnandi, Daniel Andrzej Dziamski, lenti í 18. janúar 2013 á starfsstöð Kratusar ehf.

Stefndi greiði stefnanda 1.500.000 krónur í málskostnað.

Ingiríður Lúðvíksdóttir